

Klappir grænar lausnir hf.  
Ársreikningur samstæðunnar  
2018

Klappir grænar lausnir hf.  
Austurstræti 18  
101 Reykjavík

Kt. 630914-1080

## Efnisyfirlit

---

	bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	5
Lykiltölur .....	7
Rekstrarreikningur .....	8
Efnahagsreikningur .....	9
Sjóðstreymisfirlit .....	10
Skýringar .....	11

---

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Félagið var stofnað í september 2014 og er tilgangur félagsins er þróun og hönnun á hugbúnaði og stjórnþúnaði, þjónusta, ráðgjöf og nauðsynleg starfsemi þessu tengd. Ennfremur rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

Ársreikningur Klappa grænna lausna hf. fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélags þess.

Rekstartekjur samstæðunnar samkvæmt rekstrarreikningi námu 242,4 millj. kr. Tap varð á rekstri samstæðunnar árið 2018 að fjárhæð 8,4 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 342,9 millj. kr. Eigið fé i árslok nam 251,0 millj. kr. og er eigið fé sem hlutfall af heildareignum 73,2%.

Hlutafé félagsins í nam 116,5 millj. kr. í árslok 2018. Hlutafé félagsins skiptist í two flokka, A og B flokk, sjá nánar skýringu 19. Í lok ársins voru hluthafar félagsins 316 talsins og fækkaði þeim um 12 frá ársbyjun 2018. Tíu stærstu hluthafarnir voru eftirfarandi í lok árs:

	A hlutir	B hlutir	Atkvæðaréttur
Kvistar eignarhaldsfélag ehf. ....	48.275.375	18.773.950	96,55%
E-ASK ehf. ....	0	10.010.000	0,00%
GEVA ehf. ....	0	9.000.000	0,00%
Tennin ehf. ....	0	4.400.000	0,00%
Pund ehf. ....	0	4.000.000	0,00%
Sindrandi ehf. ....	0	3.400.000	0,00%
Eykarsalir ehf. ....	200.000	2.845.350	0,40%
Þorrasalir ehf. ....	200.000	2.245.350	0,40%
Kjavegur ehf. ....	0	2.000.000	0,00%
Stey ehf. ....	0	2.000.000	0,00%
Aðrir hluthafar .....	1.324.625	7.825.350	2,65%
	50.000.000	66.500.000	100,00%

## Stjórnarhættir

Stjórn Klappa grænna lausna hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og að fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrrtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint sem og verksvið gagnvart forstjóra. Í reglunum má einnig finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Hlutfall kynja í stjórn félagsins er fjórir karlar (57%) og þrjár konur (43%).

## Samfélagsleg ábyrgð

Stjórn vísar á frekari umfjöllun um Samfélagsskýrsla (e. Sustainability Report) og Samfélagsuppgjör (e. Sustainability Statement) á heimasiðu félagsins [www.klappir.is](http://www.klappir.is).

## Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra, frh.:

---

### Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2018 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2018.

Stjórn og forstjóri Klappa grænna lausna hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2018 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 26. febrúar 2019.

Í stjórn félagins:

  
Ásgrímur  
Grafarhúsarinn  
Lindu Þórður Ólafsson  
Giginn fíblu þessastri!



Forstjóri:



# Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn og hluthafar Klappa grænna lausna hf.

## Áritun um endurskoðun samstæðuársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Klappa grænna lausna hf. („samstæðan“) fyrir árið 2018. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning efnahagsreikning, sjóðstreymsfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glöggja mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2018 og afkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við alþjóðlegar síðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og síðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar síðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og forstjóri að leggja mat á rekstrarhæfi samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendri. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákváðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.


Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 26. febrúar 2019.

**KPMG ehf.**



## Lykiltölur

---

	<b>2018</b>	<b>2017</b>
<b>Rekstrarreikningur</b>		
Rekstartekjur .....	242.386.450	210.495.528
Hagnaður (tap) fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (EBITDA) .....	33.751.392	( 12.528.182)
Tap ársins .....	( 8.426.270)	( 48.177.523)
Tap í hlutfalli af rekstartekjum .....	( 3,5% )	( 22,9% )
Arðsemi eigin fjár .....	( 3,3% )	( 22,0% )
EBITDA - hlutfall .....	13,9%	( 6,0% )
Arðsemi heildareigna .....	( 2,4% )	( 15,3% )
<b>31.12.2018</b>		
<b>Efnahagsreikningur</b>		
Heildareignir .....	342.933.946	362.041.038
Eigið fé hlutahafa móðurfélags .....	251.017.766	259.444.036
Skuldir samtals .....	91.916.180	102.597.002
Eigið fé og skuldir samtals .....	342.933.946	362.041.038
Veltufjárhluftall - veltufjármunir/skammtímaskuldir .....	4,7	3,9
Eiginfjárhluftafall - eigið fé / heildarfjármagn .....	73,2%	71,7%
Innra virði hlutafjár - eigið fé / hlutafé .....	2,2	2,2

# Rekstrarreikningur ársins 2018

	<b>Skýr.</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
<b>Rekstrartekjur</b>			
Sala .....		166.268.507	155.708.553
Aðrar tekjur .....	11	76.117.943	54.786.975
		<u>242.386.450</u>	<u>210.495.528</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	12	115.261.315	109.636.978
Annar rekstarkostnaður .....		93.373.743	113.386.732
		<u>208.635.058</u>	<u>223.023.710</u>
Hagnaður (tap) fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (EBITDA) .....		33.751.392 (	12.528.182)
Afskriftir .....	14, 15 (	32.153.910) (	22.743.928)
Rekstrahagnaður (tap) .....		<u>1.597.482 (</u>	<u>35.272.110)</u>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		753.102	166.261
Vaxtagjöld .....		( 5.538.788) (	12.663.428)
Gengismunur .....		( 167.829)	94.975
		<u>( 4.953.515) (</u>	<u>12.402.192)</u>
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga .....	16	( 5.070.237)	0
Tap fyrir tekjuskatt .....		( 8.426.270) (	47.674.302)
Tekjuskattur .....	13	0 (	503.221)
<b>Tap ársins</b> .....	20	<u>( 8.426.270) (</u>	<u>48.177.523)</u>
<b>Tap skiptist þannig:</b>			
Hluthafar móðurfélags .....		( 8.426.270) (	48.177.523)
Minnihluti í dótturfélagi .....		0 (	0)
<b>Tap ársins</b> .....	20	<u>( 8.426.270) (</u>	<u>48.177.523)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	<b>Skýr.</b>	<b>31.12.2018</b>	<b>31.12.2017</b>
<b>Eignir</b>			
Óefnislegar eignir .....	14	213.422.358	208.764.720
Rekstarfjármunir .....	15	2.342.801	3.012.173
Eignarhlutur í öðrum félögum .....	16	0	5.070.237
		<b>Fastafjármunir</b>	
			<b>215.765.159</b>
			<b>216.847.130</b>
Viðskiptakröfur .....		65.970.918	31.885.234
Krafa á tengda aðila .....	22	7.649.970	0
Aðrar skammtímaskröfur .....	18	49.172.650	43.209.922
Handbært fé .....		4.375.249	70.098.752
		<b>Veltufjármunir</b>	
			<b>127.168.787</b>
			<b>145.193.908</b>
		<b>Eignir samtals</b>	<b>342.933.946</b>
			<b>362.041.038</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....	19	116.500.000	116.500.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár .....		228.567.473	228.567.473
Bundið eigið fé .....		55.673.226	29.624.266
Ójafnað eigið fé .....	20	( 149.722.933) (	115.247.703)
		251.017.766	259.444.036
Hlutdeild minnihluta .....	16	0	0
		<b>Eigið fé samtals</b>	<b>251.017.766</b>
			<b>259.444.036</b>
<b>Langtímaskuldir</b>			
Langtímalán .....	21	15.000.000	15.000.000
Langtímalán við tengda aðila .....	22	50.000.000	50.000.000
		<b>Langtímaskuldir</b>	<b>65.000.000</b>
			<b>65.000.000</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		4.929.005	9.422.443
Skuldir við tengda aðila .....	22	0	1.373.116
Aðrar skammtímaskuldir .....		21.987.175	26.801.443
		<b>Skammtímaskuldir</b>	<b>26.916.180</b>
			<b>37.597.002</b>
		<b>Skuldir samtals</b>	<b>91.916.180</b>
			<b>102.597.002</b>
		<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>342.933.946</b>
			<b>362.041.038</b>

# Sjóðstremmisyfirlit ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tap ársins .....	20	( 8.426.270)	( 48.177.523)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárdreymni:			
Afskriftir .....	14,15	32.153.910	22.743.928
Hlutdeild í rekstri dótturfélaga .....		5.070.237	0
Tekjuskattur .....	13	0	503.221
Veltufé frá (til) rekstrar		28.797.877	( 24.930.374)
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda:			
Vörubirgðir, lækkun .....		0	1.334.778
Skammtímakröfur, (lækkun) lækkun .....		( 40.048.412)	85.004.102
Skammtímaskuldur, (lækkun) hækjun .....		( 9.307.706)	15.320.671
Breytingar rekstart. eigna og skulda		( 49.356.118)	101.659.551
Handbært fé (til) frá rekstri		( 20.558.241)	76.729.177
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfestingar í öfnislegum eignum .....	14	( 36.142.176)	( 29.623.676)
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum .....	15	0	( 3.346.859)
Fjárfest í eignarhlutum í dótturfélögum .....	14	0	( 188.517.261)
Fjárfestingarhreyfingar		( 36.142.176)	( 221.487.796)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Innborgað hlutafé .....	20	0	133.080.000
Tengdir aðilar breyting .....		( 9.023.086)	1.680.427
Fjármögnunarhreyfingar		( 9.023.086)	134.760.427
Lækkun á handbæru fé á árinu .....		( 65.723.503)	( 9.998.192)
Handbært fé í ársbyrjun .....		70.098.752	80.096.944
Handbært fé í árslok .....		4.375.249	70.098.752

# Skýringar

---

## **Reikningsskilaðferðir**

### **1. Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningur Klappir grænar lausnir hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélags þess, Datadrive ehf. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og árið áður.

### **Mat og ákvarðanir**

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, mæta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, svo og upplýsingar í skýringum. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

### **2. Innlausn tekná**

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Leigutekjur af fastafjármunum eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum. Afslættir sem eru veittir eru færðir með sama hætti. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili sem þjónustan er veitt. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra. Tekjur af verkum í vinnslu eru færðar miðað við verkstöðu þeirra í árslok. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

### **3. Erlendir gjaldmiðlar**

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### **4. Óefnislegar eignir**

Óefnislegar eignir eru færðar til eignar á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu. Viðskiptavild sem myndast annars vegar við kaup á eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélögum svarar til mismunar á upphaflegu kaupverði eignarhlutans og hlutdeilda í hreinni eign félags á kaupdegi hins vegar og með kaupum á rekstri. Hrein eign innifelur bókfært eigið fé félags, ef við á endurmat bókfærðra eigna og skulda og virði eigna og skulda sem ekki eru bókfærðar í reikningsskilum félagsins. Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu. Viðskiptavild er færð niður á 10 árum. Aðrar óefnislegar eignir félagsins eru hugbúnaður sem er færður niður á 5 árum.

### **5. Rekstrarfjármunir**

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshlut miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna. Rekstarfjármunir eru færðir niður á 5 árum.

### **6. Eignarhlutir í öðrum félögum**

Fárfestingar samstæðunnar í hlutabréfum eru bókfærðar á markaðsverði þar sem það liggur fyrir annars kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði.

### **7. Vörubirgðir**

Birgðir samstæðunnar samanstanda af vörum til endursölu. Birgðir eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til gallaðra og úreltra vara.

### **8. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur**

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar niður um til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

## Skýringar, frh.:

### 9. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### 10. Skatteign

Skatteign er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir eru að jafnaði færð fyrr í skattuppgjöri en reikningsskilunum.

Reiknuð skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún komi ekki til með að nýtast.

### 11. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig

	2018	2017
Skattafívlnun Rannís .....	37.681.977	37.876.442
Mótteknir styrkir .....	38.435.966	16.910.533
	<u>76.117.943</u>	<u>54.786.975</u>

### 12. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun .....	126.986.953	116.675.055
Áfallið orlof breyting .....	3.893.468	0
Launatengd gjöld .....	29.558.616	22.586.189
Samtals .....	160.439.037	139.261.244
Eignfærð laun .....	( 45.177.722)	( 29.624.266)
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>115.261.315</u>	<u>109.636.978</u>
Meðalfjöldi ársverka .....	16	12

Laun til forstjóra námu 8,7 millj. kr. (2017: 12,5 millj. kr.) engin laun voru greidd fyrir stjórnarsetu á árinu 2018 né 2017.

### 13. Tekjuskattur

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

Virkt skatthlutfall	2018	2017
Tap fyrir tekjuskatt .....	( 8.426.270)	( 47.674.302)
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall .....	( 20,0% )	1.685.254 ( 20,0% )
Óskattskyldar tekjur .....	( 89,4% )	7.536.395 ( 15,9% )
Ófrádráttarbær kostnaður .....	12,1%	( 1.017.467) 0,0%
Niðurfærsla skatteignar .....	97,4%	( 8.204.182) ( 36,9% )
Virkur tekjuskattur .....	0,0%	( 0) ( 1,1% )

## Skýringar, frh.:

### 14. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:	Viðskiptavild	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2018 .....	187.313.002	47.753.676	235.066.678
Eignfært á árinu .....		36.142.176	36.142.176
Heildarverð 31.12.2018 .....	187.313.002	83.895.852	271.208.854
Niðurfært 1.1.2018 .....	19.408.183	6.893.775	26.301.958
Niðurfært á árinu .....	17.920.881	13.563.657	31.484.538
Niðurfært 31.12.2018 .....	37.329.064	20.457.432	57.786.496
Bókfært verð 1.1.2018 .....	167.904.819	40.859.901	208.764.720
Bókfært verð 31.12.2018 .....	149.983.938	63.438.420	213.422.358
Niðurfærsluhlutfall .....	10,0%	20,0%	

Síðustu árin hefur samstæðan unnið að þróun á hugbúnaðar og hefur stærsti hluti kostnaður vegna þróunarinnar, sem samanstendur af launakostnaði og öðrum rekstarkostnaði, verið gjaldfærður í rekstrarreikningi. Til samræmis hafa styrkir verið tekjufærðir á meðal annarra tekna í rekstrarreikning. Á árinu nemur eignfærður þróunkostnaður hugbúnaðar að frádregnum hlutdeild í áætlaðri endurgreiðslu vegna skattalvlnunar Rannís 35,4 millj. kr.

### 15. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:	Tölvubúnaður	
Heildarverð 1.1.2018 .....	3.346.859	
Heildarverð 31.12.2018 .....	3.346.859	
Afskrifað samtals 1.1.2018 .....	334.686	
Afskrifað á árinu .....	669.372	
Afskrifað samtals 31.12.2018 .....	1.004.058	
Bókfært verð 31.12.2018 .....	2.342.801	
Afskriftarhlutfall .....	20,0%	
	2018                    2017	
Afskriftir greinast þannig:		
Niðurfærsla óefnislegra eigna sbr. skýringu 14 .....	31.484.538	22.409.242
Afskriftir rekstrarfjármuna sbr. skýringu 15 .....	669.372	334.686
Afskriftir í rekstrarreikningi .....	32.153.910	22.743.928

### 16. Eignarhlutur í öðrum félögum

Eignarhlutur í félögum greinast þannig:	Bókfært verð
Klappir International Ltd., Bretland .....	0
	0

Í árslok á félagið 100% eignarhlut í Klappir International Ltd. í Bretlandi sem síðan á 51% í Klappir Lithuania UAB í Litháen. Félögin voru stofnuð á seinni hluta ársins 2018 og hófu starfssemi. Á undirritunardegri ársreiknings Klappa grænna lausna hf. liggja ekki fyrir ársreikningar þessara félaga en áhrif af rekstri ársins 2018 og efnahag í árslok 2018 yrðu óveruleg og félögin ekki hluti af samstæðuársreikningi.

Á árinu 2018 hætti Ark Technology Ltd. í Bretlandi starfssemi og var eignarhluturinn gjaldfærður í rekstrarreikningi.

## Skýringar, frh.:

### 17. Skatteign

Skatteign félagsins samkvæmt efnahagsreikningi greinist þannig:

	31.12.2018	31.12.2017
Skatteign 1.1. ....	0	503.221
Tekjuskattur í rekstrarreikningi .....	0	( 503.221)
Skatteign 31.12.2018 .....	<u>0</u>	<u>0</u>

Skatteign skiptist þannig:

Óefnislegar eignir .....	3.290.883	3.290.883
Aðrir liðir .....	( 80.000)	( 80.000)
Yfirlægð skattalegt tap .....	64.820.231	59.769.644
Skatteign samtals .....	<u>68.031.114</u>	<u>62.980.527</u>
Niðurfærsla vegna óvissu um nýtingu á yfirlægðu tapi .....	( 68.031.114)	( 62.980.527)
Skatteign samtals skv. efnahagsreikningi .....	<u>0</u>	<u>0</u>

Í lok árs 2018 nam yfirlægð tap samstæðunnar 320,1 millj.kr. Yfirlægð skattalegt tap er nýtanlegt á móti skattskyldum tekjum í tíu ár frá því að það fellur til. Skattalegt tap félagsins greinst þannig í árslok 2018:

	Samstæða
Yfirlægð skattalegt tap ársins 2011, nýtanlegt til ársins 2021 .....	1.443.849
Yfirlægð skattalegt tap ársins 2012, nýtanlegt til ársins 2022 .....	2.779.813
Yfirlægð skattalegt tap ársins 2013, nýtanlegt til ársins 2023 .....	4.181.352
Yfirlægð skattalegt tap ársins 2014, nýtanlegt til ársins 2024 .....	46.083.582
Yfirlægð skattalegt tap ársins 2015, nýtanlegt til ársins 2025 .....	68.073.890
Yfirlægð skattalegt tap ársins 2016, nýtanlegt til ársins 2026 .....	113.051.084
Yfirlægð skattalegt tap ársins 2017, nýtanlegt til ársins 2027 .....	70.370.329
Yfirlægð skattalegt tap ársins 2018, nýtanlegt til ársins 2028 .....	14.120.715
Samtals .....	<u>320.104.614</u>

### 18. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

	31.12.2018	31.12.2017
Skattívilnun Rannís .....	46.717.521	37.619.238
Aðrar skammtímakröfur .....	2.455.129	5.590.684
Aðrar skammtímakröfur samtals .....	<u>49.172.650</u>	<u>43.209.922</u>

Áætluð endurgreiðsla að fjárhæð 46,7 millj. kr. vegna skattívilnunar Rannís sem tilheyrir árinu 2018 verður greidd við álagningu félagsins í október 2019.

### 19. Eigið fé

Hlutafé félagsins í árslok er 116,5 millj. kr. að nafnverði.

Hlutir félagsins skiptast í A og B hluti. Í A hlutaflokki eru útgefñir 50,0 millj. hlutir, hver hlutur í A flokki er að fjárhæð ein króna að nafnverði og eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutafjár. Í B hlutaflokki eru útgefñir 66,5 millj. hlutir, hlutir í B flokki hafa ekki atkvæðisrétt en að öðru leyti eru hafa flokkarnir sömu réttindi.

## Skýringar, frh.:

### 20. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur	Bundið eigið fé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2018 .....	116.500.000	228.567.473	29.624.266	( 115.247.703)	259.444.036
þróunarkostnaður .....			26.048.960	( 26.048.960)	0
Tap ársins .....				( 8.426.270)	( 8.426.270)
Eigið fé 31.12.2018 .....	116.500.000	228.567.473	55.673.226	( 149.722.933)	251.017.766

Á hluthafafundi félagsins þann 22. nóvember 2016, var samþykkt heimild til stjórnar um að hækka hlutafé félagsins vegna útgáfu kaupréttar til starfsmanna félagsins. Samkvæmt samþykktinni var hækkinin að fjárhæð allt að 240.000 kr. og í B-flokki hlutabréfa. Með útgáfu jöfnunarhlutabréfa hækkaði þessi heimild í 6.000.000 kr. Á stjórnarfundi þann 23. nóvember 2016, var kaupréttarætlun fyrir félagið samþykkt af stjórn félagsins.

Þann 2. desember 2016 var ríkisskattstjóra sent erindi með beiðni um staðfestingu á kaupréttaráætlun félagsins, í samræmi við 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Með bréfi ríkisskattstjóra, dags. 7. apríl 2017 var kaupréttarætlun félagsins staðfest.

Félagið hefur í lok ársins gefið út kaupréttarsamninga til starfmannaa að nafnverði 3.640.000 kr. Samkvæmt samningum þá ávinnst kauprétturinn í jöfnum hlutföllum á 4 árum. Samningur fellur úr gildi átta árum frá útgáfudegi. Um kaupréttaráætlun og kaupréttarsamninga félagsins gilda almennar reglur um slíka samninga sem fást viðurkenndir af Ríkisskattstjóra, meðal annars að samningar bjóðast öllum starfsmönnum og hámark innlausnar er 600.000 kr. á ári.

Samkvæmt lögum nr. 73/2016 um ársreikninga ber félögum að færa þá fjárhæð sem nemur eignfærðum þróunarkostnaði á bundinn reikning á meðal eigin fjár.

### 21. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

	2018	2017
Óverðtryggð lán í íslenskum krónum, vextir 7,4% .....	15.000.000	15.000.000
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir .....	15.000.000	15.000.000
Næsta árs afborganir .....	0	0
Langtímaskuldir samkvæmt efnahagsreikningi samtals .....	15.000.000	15.000.000

Langtímalán félagsins mun allt koma til greiðslu með einni afborgun á árinu 2022.

## Skýringar, frh.:

---

### 22. Tengdir aðilar

Stjórnarmenn, hluthafar, dótturfélög, félög í meirihlutaeigu hluthafa og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins. Langtímaskuldir og skammtímakröfur móðurfélagins við tengda aðila sunduriðast þannig í lok ársins:

	Kröfur	Skuldir
Klappir ehf. (tengdur aðili eins hluthafa) .....	0	50.000.000
Aðrir tengdir aðilar .....	7.649.970	0
	<b>7.649.970</b>	<b>0</b>

Langtímalán félagins við tengda mun allt koma til greiðslu með einni afborgun á árinu 2021.

Á meðal vaxtagjalda eru gjaldfærðar 4,3 millj. kr. á árinu 2018 (2017: 10,6 millj.kr.) til tengdra aðila sömuleiðis nam gjaldfærð þjónusta til tengdra aðila á árinu 2018 aðila 5,4 millj. kr. (2017: 7,8 millj. kr.) og aðrar þóknanir á árinu 2017 (6,5 millj. kr.)

### 23. Önnur mál

Á árunum 2017 -2018 vann samstæðan að þróun á hugbúnaði. Stærsti hluti verkefnisins, sem samanstendur að mestu leytti af launakostnaði, hefur verið gjaldfærður í rekstrarreikningi. Samstæðan fékk á árinu 2018 staðfestingu frá Rannís þess efnis að þróunarverkefnið hafi verið samþykkt á grundvelli laga nr. 152/2009. Með staðfestingunni öðlaðist félagið rétt á sérstakri endurgreiðslu byggt á beinum kostnaði við verkefnið. Samstæðan mun sækja um endurgreiðsluna í tengslum við skattskil félagins vegna ársins 2018. Áætluð endurgreiðsla kostnaðar vegna verkefnanna á árinu 2018 nemur 46,7 millj. kr. og hefur 37,7 verið tekjufærð meðal annarra tekna í rekstarreikning, 9,0 millj. kr. verið færðar til lækkunar á eignfærðumhugbúnaði. Samtals hafa 46,7 millj.kr. verið færðar til eignar meðal annarra skammtímakrafna í efnahagsreikningi 31. desember 2018.